



Sjálfsmat

Skólaárið 2016-2017



Efnisyfirlit

1.	INNANGANGUR.....	3
2.	UM SKÓLANN.....	3
2.1.	SKÓLANÁMSKRÁ	4
2.2.	SKÓLASTEFNA HEIÐARSKÓLA	5
3.	SJÁLFSMAT	6
3.1.	MATSADFERÐIR	7
3.2.	SKILGREINING Á INNRA OG YTRA MATI.....	7
3.3.	INNRA MAT 2016 - 2017.....	8
3.4.	YTRA MAT 2016 – 2017	8
4.	MATSÁÆTLUN HEIÐARSKÓLA 2016 – 2017	9
5.	NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS 2016 - 2017	10
5.1.	NEMENDAKANNANIR	10
5.1.1.	<i>Samræmd próf</i>	<i>10</i>
5.1.2.	<i>Lestur og lesskilningur</i>	<i>23</i>
5.1.3.	<i>Stærðfræði og talnaskilningur</i>	<i>32</i>
5.1.4.	<i>Viðhorf nemenda</i>	<i>34</i>
5.1.5.	<i>Viðhorf nemenda á unglíngastigi til notkunar spjaldtölva í námi</i>	<i>41</i>
5.2.	STARFSMANNAKÖNNUN.....	45
5.3.	FORELDRAKÖNNUN	48
5.4.	FRAMKVÆMDARMAT Á NOKKUR VERKEFNI Á SKÓLAÁRINU 2016-2017.....	50

1. Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir sjálfsmati í Heiðarskóla skólaárið 2016 - 2017. Tilgangur með sjálfsmati er að leggja grunn að skilvirkri umbótastarfi í skólanum og gera góðan skóla enn betri. Matið er altækt, þar sem öll helstu svið skólans eru metin, og árangursmiðað þar sem upplýsingarnar verða nýttar sem grundvöllur við ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfsins. Matið er unnið af starfsmönnum skólans á grunni upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum.

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 28-29

Í fylgiskjöllum skýrslunnar eru matsáætlanirnar, áherslu- og umbótaáætlun og þær kannanir sem voru gerðar skólaárið 2016-2017.

2. Um skólann

Þann 21. júlí 1997 var fyrsta skóflustungan tekin að Heiðarskóla. Heiðarskóli er byggður sem tveggja hliðstæðna heildstæður grunnskóli, sem er tvær bekkjardeildir frá 1. – 10. bekk. Hann er jafnframt fyrsti skólinn á Íslandi, sem byggður er í einum áfanga, með íþróttahúsi og sundlaug. Skólinn tók til starfa haustið 1999.

Í stuttu máli er skólinn þannig byggður að eftir honum endilöngum er breiður og bjartur gangur, stundum kallaður „menntavegurinn“. Sunnan megin við ganginn eru verk- og tónmenntastofur, auk raungreinastofu. Norðan megin við ganginn eru þrjú kennslustofuhús á tveimur hæðum, alls 6 almennar kennslustofur í hverju húsi. Kennslustofuhúsin eru auðkennd með litum, gult (yngsta stig), rautt (miðstig) og blátt (unglingastig). Hægt er að opna á milli tveggja stofa á hverri hæð. Í miðrými skólans er samkomusalur/matsalur á neðri hæð, en stjórnunarrými, námsráðgjafi, fundaraðstaða, skólasafn, upplýsingamennt og

kaffistofa starfsmanna á efri hæðinni. Út frá miðrýminu í norðurátt er aðstaða til íþróttaiðkunar, sundlaug og íþróttasalur.

Skólaárið 2016-2017 eru u.þ.b. 420 nemendur í skólanum í 20 bekkjardeildum.

Við skólann starfa u.þ.b. 60 starfsmenn. Stjórnskipulag skólans byggir á skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tveimur deildarstjórum.

Almennir kennara- og starfsmannafundir eru haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði og oftar ef þörf þykir.

Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjórum, námsráðgjafa, sálfræðingi, starfsmanni fræðsluskrifstofu og hjúkrunarfræðingi. Ráðið fundar hálfsmánaðarlega og hefur það hlutverk að starfa að velferðarmálum nemenda.

Við skólann starfar skólaráð og fundar það reglulega. Skólaráð fær skólanámskrána og skóladagatalið til umfjöllunar og umsagnar á hverju ári. Við skólann er einnig starfandi foreldrafélag.

2.1. Skólanámskrá


Í Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þar birtist m.a. stefna skólans og þau gildi sem starf hans byggir á. Einnig eru þar ýmsar áætlanir s.s. aðgerðir gegn einelti, jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, forvarnaráætlun, rýmingaráætlun og áætlanir um hvernig unnið er með Uppbygginstefnuna og nemendur sem fara á undan í námi. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.


2.2. Skólastefna Heiðarskóla

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki milli manna. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans eru mikilvægir þættir í skólastarfinu. Í skólanum er starfað eftir skólanámskrá og gerð er starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda. Markmiðið er að Heiðarskóli sé í röð fremstu skóla á landinu.

Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.



VIÐ VILJUM AÐ NEMENDUR OKKUR SÉU:



Markvisst er unnið að þessum áhersluatriðum. Í starfsáætlun og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig kennarar vinna með nemendum til að styrkja þessa þætti í skólastarfinu.

3. Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfsins. Með því fer fram viðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna markvisst að umbótum. Samkvæmt lögum ákveður skólinn sjálfur aðferðir við matið.

Sjálfsmat dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Matið er ein af forsendum þess að hægt sé að setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta á veikleikum í skólastarfinu. Eftir sjálfsmat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort að umbætur hafi skilað árangri. Sjálfsmatið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Heiðarskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, líðan, skipulagi, starfinu í skólanum, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, o.fl.

Sjálfsmatsteymið ber ábyrgð á framkvæmd sjálfsmats og kemur með tillögur til umbóta þar sem við á.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna.
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða.
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti.
- Stuðla að þróun og vexti skólans.
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við.

3.1. Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans og markmið.

Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, vettvangsathuganir og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðugreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og umbótaáætlanir gerðar.

Gerð er matsáætlun þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta og hver viðmiðin eiga að vera. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru greindir styrk- og veikleikar. Þar sem þörf er á er sett fram áherslu- og umbótaáætlun. Eftir tiltekinn tíma er farið yfir hvort úrbætur hafi skilað tilætluðum eða ásættanlegum árangri.

Matsáætlun og umbótaáætlun fyrir skólaárið er birt í starfsáætlun skólans.

3.2. Skilgreining á innra og ytra mati

Í þessari skýrslu er skilgreiningin á innra og ytra mati eftirfarandi:

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Námsmatsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á.

3.3. Innra mat 2016 - 2017

Lesferill

Í 8.-10. bekk eru lesfímipróf tekin í september, janúar og maí og hefur sérkennari umsjón með fyrirlögn, úrvinnslu og skilum á niðurstöðum til umsjónarkennara sem koma þeim áleiðis til nemenda og foreldra.

Leið til læsis (Ltl)

Leið til læsis er mats- og stuðningskerfi í lestrarkennslu, ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Lesskimunarpróf er lagt fyrir að hausti í 1. bekk þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu.

Nemendakönnun (fylgiskjal 1)

Könnun Skólapúlsins er lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Nemendakönnunin fór fram í nokkrum 45 nemenda úrtökum sem dreift var samhverft yfir skólaárið. Niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi.

Viðhorf til og notkun spjaldtölva

Viðhorf nemenda á unglingastigi til notkunar spjaldtölva í námi kannað. Niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi og á fundi fræðslustjóra og skólastjórnenda í skólum Reykjanesbæjar.

Foreldrakönnun (fylgiskjal 2)

Könnun Skólapúlsins er lögð fyrir úrtak foreldra nemenda skólans. Kannað var viðhorf foreldra til hinna ýmsu þátta skólastarfsins. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi.

Starfsmannakönnun (fylgiskjal 3)

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í mars. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi.

3.4. Ytra mat 2016 – 2017

Samræmd próf í 4., 7., 9. og 10. bekk

Logos skimunarpróf í 3., 6. og 8. bekk. (fylgiskjal 4)

4. Matsáætlun Heiðarskóla 2016 – 2017

Hvað er skoðað	Hvenær	Undirbúningur og framkvæmd	Úrvinnsla	Hvað er gert við niðurstöður
Viðhorf nemenda í 6. – 10. bekk.	September, janúar, mars, maí.	Aðstoðarskóla-stjóri. Skólapúlsinn.	Skólapúlsinn, skólastjórnendur.	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Foreldrum tilkynnt um birtingu.
Lestur. Lesfimiþróf lögð fyrir alla nemendur í 8., 9. og 10. bekk trisvar sinnum á skólaárinu.	September, janúar og maí.	Sérkennari.	Sérkennari.	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, umsjónarkennurum og íslenskukennurum. Brugðist við niðurstöðum samkvæmt aðgerðaráætlun skólans og áætlanir gerðar til úrbóta.
Lestur. Lestrarskimunin Leið til læsis lögð fyrir 1. bekk.	Október.	Umsjónarkennarar í 1. bekk/sérkennari.	Umsjónarkennarar í 1. bekk/sérkennari.	Brugðist við niðurstöðum og áætlanir gerðar til úrbóta. Umsjónarkennarar ræða niðurstöður við foreldra.
Lestur. Logos lestrarskimun í 3., 6. og 8. bekk.	Október, janúar og apríl.	Kennsluráðgjafar FRÆ.	Kennsluráðgjafar FRÆ.	Farið yfir niðurstöður með skólastjórnendum, umsjónarkennurum og íslenskukennurum. Niðurstöðum skilað til foreldra með þar til gerðum eyðublöðum. Brugðist við niðurstöðum samkvæmt aðgerðaráætlun skólans og áætlanir gerðar til úrbóta.
Viðhorf foreldra til skólastarfsins.	Febrúar.	Aðstoðarskóla-stjóri. Skólapúlsinn.	Skólapúlsinn, skólastjórnendur.	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Foreldrum tilkynnt um birtingu.
Viðhorf starfsfólks til skólastarfsins.	Mars.	Aðstoðarskóla-stjóri. Skólapúlsinn.	Skólapúlsinn, skólastjórnendur.	Niðurstöður kynntar starfsfólki og greint frá þeim í sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans. Foreldrum tilkynnt um birtingu.

5. Niðurstöður sjálfsmats 2016 - 2017

Hér er greint frá niðurstöðum sjálfsmats skólaárið 2016 - 2017

5.1. Nemendakannanir

5.1.1. Samræmd próf

Einn af mörgum þáttum sem skoðaðir eru þegar meta á gæði skólastarfsins eru niðurstöður á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk. Mennta- og menningamálaráðuneytið gerði breytingar á fyrirkomulagi prófanna sem tóku gildi frá og með haustinum 2016. Ákveðið var að öll samræmd könnunarpróf yrðu lögð fyrir með rafrænum hætti og að samræmd próf sem haldin hafa verið að hausti í 10. bekk færist til vors í 9. bekk. Nemendur í 10. bekk skólaárið 2016 - 2017 þreyttu þó prófið á sama tíma og 9. bekkur þetta árið. Auk þess var sérstakur stafsetningarhluti prófanna í 4. og 7. bekk tekinn út en spurningar sem reyna á kunnáttu í stafsetningu þess í stað sameinaðar málnotkunarluta þeirra. Í íslensku- og enskuprófum 9. og 10. bekkja var ritunarhlutinn ekki lagður fyrir. Með framangreindum breytingum eru niðurstöðurnar ekki að fullu samanburðarhæfar við niðurstöður fyrri ára fyrir 4. og 7. bekk. Breytingarnar eru það miklar á prófum 10. bekkjar, sem nú eru lögð fyrir nemendur í 9. bekk, að niðurstöður skólans eru ekki bornar saman við niðurstöður fyrri ára. Niðurstöður samræmdra prófa eru byggðar á því að meta stöðu hvers nemanda með samanburði við jafnaldra hans á landinu öllu og eru prófin því ein leið af mörgum til að afla og miðla upplýsingum um stöðu nemenda og skólans. Markmið Heiðarskóla er að nemendur nái eins góðum árangri á samræmdum könnunarprófum og þeir hafa forsendur til. Í samræmdum prófum álitum við það vera viðunandi árangur að vera við landsmeðaltal. Í september 2016 fóru samræmd próf fram í 4. og 7. bekk og í febrúar 2017 í 9. og 10. bekk.

4. bekkur haustið 2016


Þegar niðurstöður nemenda Heiðarskóla í 4. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal normaldreifðra einkunna (30) kemur eftirfarandi í ljós.


Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Reikningur og aðgerðir	30	29,6	-0,6
Rúmfræði og mælingar	30	29,3	-0,7
Tölur og talnaskilningur	30	29,6	-0,4
Heildareinkunn	30	29,5	-0,5

Íslenska	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Lestur/hlustun	30	29,5	-0,5
Málnotkun	30	27,8	-2,2
Ritun	30	34,7	+4,7
Heildareinkunn	30	30,5	+0,5

Viðbrögð:

Frammistaða nemenda í 4. bekk er viðunandi miðað við það markmið skólans að vera í eða yfir landsmeðaltali. Í stærðfræðiþrófinu eru þeir rétt undir landsmeðaltali í öllum þremur þáttum og eru 0,5 undir landsmeðaltali heildareinkunna. Í íslenskuprófinu eru nemendur töluvert yfir landsmeðaltali í ritun, rétt undir því í lestri/hlustun en nokkuð undir í málnotkun. Sé meðaltal heildareinkunna borið saman við landsmeðaltal eru nemendur 0,5 yfir því. 4. bekkur er undir meðaltali skólans síðustu 8 ára í báðum greinum eins og kemur fram í eftirfarandi línuritum en samanburðurinn er birtur með fyrirvara um ofangreindar breytingar á prófunum. Kennarar og stjórnendur fóru yfir niðurstöðurnar sem settar voru fram með öðrum hætti en áður og rýndu í hvað hefði komið vel út og hvar mætti gera betur.







7. bekkur haustið 2016

Þegar niðurstöður nemenda Heiðarskóla í 7. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal normaldreifðra einkunna (30) kemur eftirfarandi í ljós.

Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Reikningur og aðgerðir	30	27,1	-2,9
Rúmfræði og mælingar	30	28,7	-1,3
Tölfræði	30	27,5	-2,5
Heildareinkunn	30	27,16	-2,9
Íslenska	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Lestur	30	27,6	-2,4
Málnotkun	30	27,4	-2,6
Ritun	30	28,4	-1,6
Heildareinkunn	30	27,4	-2,6

Viðbrögð:

Nemendur í 7. bekk eru töluvert undir meðaltali í bæði íslensku og stærðfræði. Þeir eru undir meðaltali skólans síðustu 8 ára í báðum greinum eins og kemur fram í eftirfarandi línuritum en samanburðurinn er birtur með fyrirvara um ofangreindar breytingar á prófunum. Kennarar og stjórnendur rýndu í niðurstöðurnar sem settar voru fram með öðrum hætti en áður. Voru þær skoðaðar í víðara samhengi en sem nemur niðurstöðum prófanna og þannig leitað leiða til úrbóta.



9. bekkur vorið 2017


Í ár voru samræmd könnunarpróf í fyrsta skiptið lögð fyrir í 9. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku og er því ekki unnt að bera niðurstöður ársins við niðurstöður fyrri ára. Þegar nemendur Heiðarskóla í 9. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal normaldreifðra einkunna (30) kemur eftirfarandi í ljós.

Samræmd próf í 9. b.	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Íslenska	30	25	-3,0
Stærðfræði	30	27	-5,0
Enska	30	28	-2,0

Fjöldi með	Íslenska	Stærðfræði	Enska
A	0	2	0
B +	4	0	4
B	10	16	11
C +	4	3	5
C	17	16	19
D	5	4	0
Fjarverandi	6	5	7
Nem. alls	46	46	46


ÍSLENSKA

■ A ■ B+ ■ B ■ C+ ■ C ■ D




STÆRÐFRÆÐI

■ A ■ B+ ■ B ■ C+ ■ C ■ D



ENSKA

■ A ■ B+ ■ B ■ C+ ■ C ■ D



Viðbrögð:

Nemendur í 9. bekk eru töluvert undir landsmeðaltali í íslensku, stærðfræði og ensku. Kennarar og stjórnendur rýndu í niðurstöðurnar sem settar voru fram með öðrum hætti en áður. Voru þær skoðaðar í víðara samhengi en sem nemur niðurstöðum prófanna og þannig leitað leiða til úrbóta.

10. bekkur vorið 2017


Samræmd könnunarpróf í 10. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku voru lögð fyrir á sama tíma og prófin voru lögð fyrir 9. bekk í ár. Var það í síðasta skiptið sem prófin eru lögð fyrir nemendur í 10. bekk. Þar sem töluverðar breytingar hafa verið gerðar á prófunum er meðaltal normaldreifðra einkunna ekki borið saman við niðurstöður fyrri ára í Heiðarskóla. Þegar nemendur Heiðarskóla í 10. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal normaldreifðra einkunna (30) kemur eftirfarandi í ljós.

Samræmd próf í 10. b.	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Íslenska	30	24	-5,0
Stærðfræði	30	25	-6,0
Enska	30	27	-3,0

Fjöldi með	Íslenska	Stærðfræði	Enska
A	0	2	0
B +	3	3	4
B	6	10	10
C +	6	3	5
C	17	11	12
D	5	6	4
Fjarverandi	3	1	3
Nem. alls	38	38	38


ÍSLENSKA

■ A ■ B+ ■ B ■ C+ ■ C ■ D




STÆRÐFRÆÐI

■ A ■ B+ ■ B ■ C+ ■ C ■ D



ENSKA

■ A ■ B+ ■ B ■ C+ ■ C ■ D




Framfarir nemenda

Á hverju ári fylgja niðurstöðum samræmdra prófa útreikningar á því hvort nemendur sýni framfarir frá samræmdu prófi í 4. bekk eða ekki. Einnig er hægt að skoða framfarir nemenda frá 7. bekk í 9. og 10. bekk. Í skólanum er lögð áhersla á að sem flestir nemendur bæti sig í meðallagi eða meira og stefnt er að því að 80% nemenda séu í þremur efstu flokkunum. Hér má sjá yfirlit yfir viðmið um framfarir.

Framfarir nemenda í 7. bekk

Framfarir frá 4. bekk í 7. bekk í íslensku				
	2013	2014	2015	2016
Umtalsverðar	0,0%	0%	0%	0%
Meiri en almennt gerist	5,3%	0%	7%	5%
Í meðallagi	52,6%	74%	48%	42%
Minni en almennt gerist	26,3%	17%	17%	53%
Litlar	15,8%	6%	17%	0%
Ekki upplýsingar um	0,0%	3%	10%	2%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%



Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í íslensku eru:


Árið 2013 57,9%

Árið 2014 74%

Árið 2015 55%

Árið 2016 57%

Framfarir frá 4. bekk í 7. bekk í stærðfræði				
	2013	2014	2015	2016
Umtalsverðar	0,0%	0%	0%	0%
Meiri en almennt gerist	18,2%	0%	0%	4%
Í meðallagi	36,4%	76%	28,6%	27%
Minni en almennt gerist	22,7%	15%	17,8%	57%
Litlar	18,2%	9%	42,9%	0%
Ekki upplýsingar um	4,5%	0%	10,7%	12%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%



Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í stærðfræði eru:


Árið 2013	54,6%
Árið 2014	76%
Árið 2015	28,6%
Árið 2016	31%

Framfarir nemenda í 9. bekk

Framfarir frá 7. í 9. bekk	
	Íslenska
Umtalsverðar	0
Meiri en almennt gerist	1
Svipaðar og almennt gerist	26
Minni en almennt gerist	10
Litlar	0
Engar upplýsingar um	3
Alls	40

ÍSLENSKA


■ Umtalsverðar ■ Meiri en almennt gerist ■ Svipaðar og almennt gerist
 ■ Minni en almennt gerist ■ Litlar ■ Engar upplýsingar um



Framfarir frá 7. í 9. bekk	
	Stærðfræði
Umtalsverðar	0
Meiri en almennt gerist	0
Svipaðar og almennt gerist	22
Minni en almennt gerist	14
Litlar	0
Engar upplýsingar um	5
Alls	41

STÆRÐFRÆÐI


■ Umtalsverðar
 ■ Meiri en almennt gerist
 ■ Svipaðar og almennt gerist
■ Minni en almennt gerist
 ■ Litlar
 ■ Engar upplýsingar um



Framfarir nemenda í 10. bekk

Framfarir frá 7. í 10. bekk	
	Íslenska
Umtalsverðar	0
Meiri en almennt gerist	1
Svipaðar og almennt gerist	25
Minni en almennt gerist	3
Litlar	0
Engar upplýsingar um	8
Alls	37


Framfarir í íslensku frá 7. - 10. b.



■ Umtalsverðar ■ Meiri en almennt gerist ■ Svipaðar og almennt gerist
■ Minni en almennt gerist ■ Litlar ■ Engar upplýsingar um


Framfarir frá 7. í 10. bekk	
	Stærðfræði
Umtalsverðar	0
Meiri en almennt gerist	1
Svipaðar og almennt gerist	18
Minni en almennt gerist	13
Litlar	0
Engar upplýsingar um	3
Alls	35

Framfarir í stærðfræði frá 7. - 10. b.



■ Umtalsverðar ■ Meiri en almennt gerist ■ Svipaðar og almennt gerist
■ Minni en almennt gerist ■ Litlar ■ Engar upplýsingar um

Úrvinnsla niðurstaðna samræmdra prófa



Þegar niðurstöður úr samræmdum prófum í 4., 7., 9. og 10. bekk bárust skólanum var skoðað hvar hægt er að gera betur og hver staða skólans er miðað við landsmeðaltal. Hver þáttur innan greinar var skoðaður sérstaklega og kannað hvort einstakir þættir hefðu komið áberandi verr út en heildareinkunn. Einnig var skoðað hvaða þættir komu best út.

Ekki voru gefin út frumrit prófanna í ár eins og venja er enda prófin leyst rafrænt. Niðurstöður hvers nemanda voru gefnar út með lýsingu á námsþætti í íslenskuprófunum og enskuprófinu í 9. og 10. bekk og með sambærilegum dæmum í stærðfræðiprófunum. Þegar skólinn fékk aðgang að þessum gögnum fóru kennararnir yfir úrlausnirnar áður en nemendur fengu þau með sér heim. Kennarar fóru yfir hvern námsþátt og árangur hvers nemanda var skoðaður gaumgæfilega. Skoðað var hvort margir nemendur fengu rangt fyrir sömu spurningu innan sama þáttar eða hvort mikil dreifing var á röngum svörum. Þetta gaf til kynna hvort ákveðnir efnisþættir hefðu fengið minni yfirferð en þurfti. Ef dreifing var lítil og margir nemendur fengu sömu villurnar fóru kennarar í sérstaka vinnu með nemendum með þá þætti sem þeir höfðu ekki náð tökum á. Umræður um hvernig hægt væri að ná betri árangri sköpuðust milli kennara þegar farið var yfir þessa þætti.

5.1.2. Lestur og lesskilningur

Markvisst er unnið að því að efla lestur og lesskilning nemenda í Heiðarskóla. Unnið hefur verið eftir aðgerðaráætlun skólans sem var gefin út 2008, var endurskoðuð skólaárið 2012 - 2013 og síðan aftur 2014 - 2015. Í aðgerðaráætluninni má m.a. sjá markmið, viðmið, mat og áætlun til úrbóta. Í áætluninni er einnig fjallað um kennsluaðferðir, lestrarþjálfun og hugmyndir um hvernig megi auka ánægju af lestri.

Á tíu ára skólagöngu nemenda eru gerðar ýmsar kannanir þar sem hægt er að skoða sérstaklega lestur, lesskilning og hlustun. Lesferill er heiti á nýju matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málakilning. Á þessu skólaári var ákveðið að unnið yrði með matstæki Lesferils í öllum árgöngum.

Lesfimiþrófin voru tilbúin til notkunar og leystu þau raddlestrarpróf skólans af hólmi.

Umsjónarkennarar í 1. – 6. bekk kanna lesfimi nemenda sinna, íslenskukennarar í 7. bekk og sérkennari í 8. – 10. bekk. Skimun lestrarerfiðleika á sér stað allt frá 1. bekk og upp úr.

Forkönnun eða mat á veikleikum og styrkleikum í lestrarferlinu á sér þó stað frá skólabyrjun þar sem sértækir erfiðleikar virðast koma fram. Þá eru valin út ákveðin próf og matslistar til að kanna vandann og vinna út frá.

Til þess að meta stöðu nemenda í lesfimi og lesskilningi nýtum við okkur það ytra mat sem unnið er eins og samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9./10. bekk og Logos skimunarprófið sem lagt er fyrir í 3., 6. og 8. bekk. Þegar niðurstöður úr þessum skimunum og könnunum eru skoðaðar má sjá hvernig nemendur Heiðarskóla standa sig miðað við jafnaldra.

Niðurstöður úr Skólapúlslinum, svörum nemenda í 6. – 10. bekk, gefa okkur vísbendingar um áhuga nemenda á lestri. Kennarar reyna með ýmsu móti að vekja áhuga nemenda á lestri og nýta fjölbreyttar aðferðir til að efla lestur og lesskilning, s.s. gagnvirkan lestur og hugarkort. Sérstaklega eru kennarar á elsta stigi áhugasamir með gerð hugarkorta og leiðarbóka og hafa þær aðferðir orðið fastar í sessi í nokkrum námsgreinum.

LOGOS skimunarpróf

Starfsmenn Fræðsluskrifstofu lögðu fyrir Logos skimunarpróf í 3., 6. og 8. bekk en þeir skilgreina útkomu á eftirfarandi hátt:

- Þeir sem eru undir 15 í hundraðsröð glíma við mikinn lestrarvanda
- Þeir sem eru á milli 15 og 30 eiga við minni lestrarvanda að etja og oft hægt með átaki að lyfta þeim upp yfir 30

- Allir yfir 30 eru í góðri stöðu

Í læsisstefnu Reykjanesbæjar eru sett fram viðmið um árangur í LOGOS lestrar skimun. Viðmiðið er að 80% nemenda mælist utan áhættu en tekið er tillit til tvítyngdra nemenda.

Nemendur í 3. bekk

2016-2017				
3. bekkur				
Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	30	0	7	37
	81,08%	0,00%	18,92%	100,00%
Lesskilningur	25	8	4	37
	67,57%	21,62%	10,81%	100,00%

Leshraði nemenda í 3. bekk er í 81,08% tilvika í góðum málum, enginn nemandi á við minni lestrarvanda að etja og 18,92% glíma við mikinn lestrarvanda.

Lesskilningur nemenda er í 67,57% tilvika í góðum málum, 21,62% á við minni vanda að etja og 10,81% á við mikinn vanda að etja.



Nemendur í 6. bekk

2016-2017				
6. bekkur				
Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	26	5	8	39
	66,7%	12,8%	20,5%	100%
Lesskilningur	27	6	6	39
	69,23%	15,38%	15,38%	100%

Leshraði nemenda í 6. bekk er í 66,7% tilvika í góðum málum, 12,8% eiga við minni vanda að etja og 20,5% eiga við mikinn lestrarvanda að etja.

Lesskilningur nemenda er í 69,23% tilvika í góðum málum, 15,38% eiga við minni vanda að etja og 15,38% eiga við mikinn vanda að etja.

Árgangur 2005 fór einnig í Logos skimunarprófið í 3. bekk. Samanburður á niðurstöðunum er í meðfylgjandi myndritum.



Nemendur í 8. bekk

Skólaárið 2015-2016 var sú breyting gerð á fyrirlögn LOGOS á unglíngastígi að skimunin var framkvæmd að vori í 8. bekk en niðurstöðum skilað að hausti þegar nemendur voru komnir í 9. bekk.


2016-2017					Stafsetning	% nem
8. bekkur					0-6 villur	
Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals	23	53,49%
	28	2	13	43	7-12 villur	
	65,1%	4,7%	30,2%	100,0%	8	18,60%
Lesskilningur	27	10	6	43	13+ villur	
	62,8%	23,3%	14,0%	100,0%	12	27,91%


Leshraði nemenda við lok 8. bekkjar er í 65,1% tilvika í góðum málum, 4,7% eiga við minni vanda að etja og 30,2% eiga við mikinn lestrarvanda að etja.

Lesskilningur nemenda er í 62,8% tilvika í góðum málum, 23,3% eru með minni vanda og 14% eiga við mikinn vanda að etja.

Í stafsetningarlutanum fengu 53,49% nemenda 0-6 villur og 18,60% fengu 7-12 villur og 27,91% með 13 villur eða fleiri.

Árgangur 2002 er fyrsti árgangurinn til að fara í allar þrjár skimanirnar og liggur því fyrir samanburður á niðurstöðuðum í 3., 6. og 8. bekk. Hann má sjá í meðfylgjandi myndritum.






Viðbrögð:

Þessar niðurstöður sýna að viðmiði í læsisstefnu Reykjanesbæjar um að 80% nemenda séu án áhættu er aðeins náð í leshraða í 3. bekk. Í úrvinnslunni er staða allra nemenda sett fram, einnig tvítyngdra og þeirra sem dvalið hafa hér á landi í skamman tíma. Sé tekið tillit til þeirra auk þekktra niðurstaðna um lestrarerfiðleika nemenda telst árangurinn nokkuð góður. Umsjónarkennarar, íslenskukennarar í 9. bekk, sérkennari og stjórnendur fóru yfir stöðuna og lögðu til úrbætur. Þær fólust m.a. í því að nemendur í áhættuhópi fengu sérstaka lestrarþjálfun hjá sérkennara og svokölluðum lestrarþjálfurum í samræmi við lestraráætlun skólans. Nokkrir nemendur fóru auk þess í nánari lestrargreiningu. Eftir sem áður var unnið markvisst að því að efla lesskilning nemenda t.d. með þjálfun í gagnvirkum lestri og gerð hugtakakorta.

Lesferill í 1.-10. bekk

Lesfimi hluti Lesferils var tilbúinn til notkunar í upphafi skólaársins og var sú ákvörðun tekin á seinni hluta haustannar að nýta þau hraðlestrarpróf í Heiðarskóla í öllum árgöngum. Prófin eru þrjú í hverjum árgangi og eru þau lögð fyrir í september, janúar og maí. Sama próf er lagt fyrir í maí og í september. Í samantekt að vori er því árangur septemberprófs borin saman við árangur í maíprófi og niðurstöður settar fram í myndritum. Mæld eru orð á mínútu en ekki atkvæði á mínútu eins og áður hefur verið gert. Janúar og maí prófin voru lögð fyrir í Heiðarskóla að þessu sinni en framvegis verða þau öll notuð.

Menntamálastofnun gefur út viðmið um árangur í hverjum árgangi og eru þau á þessa leið:



Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210


Tafla 2. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna atkvæða á mínútu.


Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	30	80	110
2. bekkur	60	130	160
3. bekkur	90	170	200
4. bekkur	130	200	240
5. bekkur	150	230	270
6. bekkur	175	260	290
7. bekkur	200	280	320
8. bekkur	215	300	350
9. bekkur	230	300	350
10. bekkur	240	300	350

Nánar er hægt að lesa um lesfimi viðmið Menntamálastofnunar hér:

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

Stöðuna í lesfimi nemenda í 1. – 10. bekk í maí og hlutfall nemenda sem þá tóku prófið má sjá á meðfylgjandi myndritum.





Stefnt er á að allir nemendur taki þessi lesfimiþróf. Hafi það ekki tekist er það m.a. vegna þess að nemendur voru fjarverandi á þeim tíma sem prófað var.

Niðurstöður


Varlega er farið í að leggja mat á niðurstöður lesfimiþrófanna þetta árið vegna þess að vinna Menntamálastofnunar við þau er enn í þróun. Auk þess er þetta í fyrsta sinn sem þau eru lögð fyrir í Heiðarskóla. Af efra myndritinu má sjá að mjög góður árangur hefur náðst í 1. og 4. bekk. Í 10. bekk nær stór hluti nemenda hinum metnaðarfullu 25% viðmiðum en tæp 30% nemenda nær þó ekki lágmarksviðmiðum. Ástæðu þess má þó að miklu leyti rekja til þekkts hlutfalls nemenda í þeim árgangi með þekkta lestrarörðugleika og nemenda sem eru nýfluttir til landsins. Árangur í 2., 3., 6. og 8. bekk er einnig góður og nokkuð góður í 5. bekk. Niðurstöður í 7. og 9. bekk skera sig úr. Í 7. bekk hefur lágt hlutfall nemenda náð 50% og 25% viðmiðum en stærsti hluti þeirra hefur náð 90% lágmarksviðmiðum. Tæp 20% hafa ekki náð lágmarksviðmiðum. Með samstilltu átaki heimila og skóla eru töluverðar líkur á því að hægt sé að bæta þennan árangur. Í 9. bekk dreifast nemendur nokkuð jafnt á milli hinna metnaðarfullu 25% viðmiða, 50% og 90% viðmiða. Nokkuð stórt hlutfall nær þó ekki lágmarksviðmiðum. Eins og í 10. bekk má þó rekja ástæðu þess til þekkts hlutfalls nemenda í þeim árgangi með lestrarörðugleika eða sértæka námsörðugleika og nemenda sem eru nýfluttir til landsins eða eru á byrjendastigi í íslensku fyrir nemendur með annað tungumál. Sérkennari, deildarstjóri eldra stigs og umsjónarkennarar fóru yfir niðurstöðurnar og brugðist var við þeim. Viðbrögð felast m.a. í því að ákvarða hvaða nemendur fá sérstaka lestrarþjálfun í skóla. Einnig eru foreldrar upplýstir um stöðu þeirra sem þurfa á markvissri þjálfun að halda.

Leið til læsis (Ltl).

Umsjónarkennarar í samstarfi við sérkennara lögðu fyrir Ltl lestrarskimunarprófið í 1. bekk. Skimunin kannar stöðu nemenda við upphaf skólagöngu í eftirfarandi lestrarfærniþáttum:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Lesskimunarprófið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hversu vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum og veitir upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættu með að lenda í erfiðleikum við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning.



Niðurstöður úr Ltl hafa ekki áður verið settar fram með þessum hætti í sjálfsmatsskýrslu.

5.1.3. Stærðfræði og talnaskilningur

Markvisst er unnið með stærðfræði í öllum árgöngum. Mikil áhersla er lögð á hugtakaskilning nemenda. Stærðfræðikennarar á unglingastigi nota leiðarbækur í vinnu með nemendum. Þar skrá nemendur þau hugtök ásamt útskýringu og sýnidæmi sem verið er að vinna með hverju sinni. Hver námsþáttur er síðan gerður upp með gerð hugtakakorts. Þannig fær nemandinn yfirsýn yfir stærðfræðinámið. Kennarar á miðstigi hafa einnig nýtt sér leiðarbækur og hugtakakortagerð með sínum nemendum.

Með tilkomu iPad-tölva í nám nemenda á unglingastigi hafa stærðfræðikennarar notast nokkuð við speglaða kennslu. Kennararnir hafa útbúið rafbækur fyrir hvern námsþátt sem innihalda myndbönd með útskýringum, markmið, stuttar kannarnir og upplýsingar um hvernig námsþátturinn verður metinn.

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar leggur talnalykilinn fyrir, stærðfræðiskimun fyrir 3. og 6. bekk, að hausti. Í þessari skimun eru tveir prófþættir lagðir fyrir: reikningur og aðgerðir annars vegar og algebra og jöfnur hins vegar.

Talnalykill í 3. og 6. bekk

Í niðurstöðunum er nemendum skipt upp í tvo flokka:

3. bekkur

- nemendur sem hafa náð yfir 70% af námsþáttum
- nemendur sem eru undir 70% árangri

6. bekkur

- nemendur sem hafa náð yfir 70% af námsþáttum
- nemendur sem eru undir 70% árangri

Nemendur í 3. bekk

	yfir 70%	undir 70%	samtals
Talnalykill	23	14	37
	62,2%	37,8%	100%

62,2% nemenda í 3. bekk hafa náð yfir 70% af þeim námsþáttum sem prófaðir eru.

Nemendur í 6. bekk

	yfir 70%	undir 70%	samtais
Talnalykill	17	26	43
	39,53%	60,47%	100%

39,53% nemenda í 6. bekk hafa náð 70% af þeim námsþáttum sem prófaðir eru.

Viðbrögð:

Farið var yfir niðurstöður með kennurum og greint hvaða þættir komu illa út. Kennarar fóru vel yfir niðurstöðurnar og gerðu áætlanir til úrbóta.

5.1.4. Viðhorf nemenda

Megináhersla er lögð á vellíðan nemenda og að þeir öðlist góða og haldbæra menntun.

Í skólastarfinu á að skapa þær aðstæður að öllum líði vel bæði í starfi og leik.


Í skólastefnu skólans segir m.a

„Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.“

Áherslur og markmið:



VIÐ VILJUM AÐ NEMENDUR OKKUR SÉU:



Markvisst hefur verið unnið að þessum þáttum. Í starfsáætlun skólans og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig unnið er með nemendum til að styrkja þessa þætti. Leitast er við að meta hvort sú vinna hefur borið árangur m.a. með samræðum, einstaklingsviðtölum og niðurstöðum kannana s.s. úr Skólapúlsinum.

Nemendakönnun í 6. – 10. bekk

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í fjórum hlutum þar sem í hvert skipti tóku um það bil 45 nemendur þátt. Könnunum var dreift yfir skólaárið. Heildarfjöldi nemenda í 6.-10. bekk í skólanum er 205 og svöruðu 192 nemendur sem gerir 93,7% svörun. Úrtaksmánuðir skólans voru: september, nóvember, janúar, mars og maí. Valið á spurningunum sem lagðar voru fyrir var byggt að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Spurningalistinn er á sjö tungumálum: íslensku, sænsku, dönsku, pólsku, litháísku, filippeysku og ensku. Eftirtaldir þættir í þremur flokkum voru mældir:

Virkni nemenda í skólanum:

Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi, trú á eigin námsgetu.

Líðan og heilsa:

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress - ástæður, einelti, tíðni eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði.

Skóla- og bekkjarandi:

Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu.

Virkni nemenda í skólanum - Niðurstöður**Ánægja af lestri**

Í Skólapúlsinum er kvarði sem mælir ánægju nemenda á bókalestri. Nemendur okkar mælast á meðaltali samanburðarskólanna hvað varðar ánægju af lestri og eykst ánægjan lítillega frá síðasta skólaári. Ánægjan mælist mest í 6. og 10. bekk en minnst í 7. og 9. bekk.

Viðbrögð:

Staðan á lestraránægju nemenda okkar er ágæt miðað við viðmunarskólana og betri en í fyrra en þá mældist skólinn marktækt undir meðaltali. Eins og undanfarin ár var unnið að því að auka ánægju nemenda af lestri með ýmsum hætti, m.a. með hvatningu til foreldra um að sýna lestri barna sinna áhuga og hvatningu til nemenda um að lesa góðar bækur. Einnig með lestrarsprettum og heimsóknnum rithöfunda svo fátt eitt sé nefnt. Eftir sem áður verður unnið að því að auka lestraránægju með þessu móti.

Þrautseigja í námi

Í niðurstöðum spurninga sem gefa til kynna þrautseigju í námi kemur fram að stúlkur sýna marktækt meiri þrautseigju en viðmunarhópurinn. Drengirnir eru á meðaltali. Þriðja árið í röð eru nemendur fæddir 2002 yfir meðaltali í þessum þætti en þó ekki marktækt yfir eins og tvö undanfarin ár. Það eru þó nemendur í 6. bekk. Þeir mælast töluvert yfir meðaltali þegar kemur að þrautseigju í námi og er munurinn marktækur. 7. bekkur er á meðaltali og miðað við niðurstöður í fyrra þá mælist þrautseigja í námi meiri á þessu skólaári.

Viðbrögð:

Nemendur mælast á meðaltali í þessum þætti og örlítið upp á við frá því á síðasta skólaári. Áfram verður unnið markvisst með nemendum til þess að auka þrautseigjuna. Kennarar leggja fyrir krefjandi verkefni og styðja við þá með hvatningu og leiðsögn. Nemendur setja sér raunhæf markmið sem stefnt skal að yfir ákveðið tímabil, með aðstoð kennara og foreldra í upphafi skólaársins. Þessi markmið eru síðan yfirfarin og ný markmið sett. Þeir aðilar sem að námi nemandans koma, þ.e. nemandinn sjálfur, kennari hans og foreldrar eiga með þessari vinnu samræðu um námið og er þeim þar með öllum ljóst að hverju er stefnt. Við það að nemendur ígrundi nám sitt og setji sér markmið verða þeir ábyrgari og virkari í sínu námsferli. Fyrir vikið eru meiri líkur á því að nemendur sýni þrautseigju þegar verkefnin verða krefjandi, þar sem að þeir verða að ljúka við þau til að ná þeim markmiðum sem þeir sjálfir settu.

Áhugi á stærðfræði

Skólinn mælist á meðaltali í áhuga á stærðfræði. Áhugi nemenda í 6. bekk mælist marktækt yfir meðaltali, áhugi nemenda í 8. og 9. bekk er einnig yfir meðaltali en þó ekki marktækt en í 7. og 10. bekk mælist hann undir, þó ekki marktækt.

Viðbrögð:

Stærðfræðikennarar hafa farið vel yfir niðurstöðurnar og munu áfram vinna í því að viðhalda og auka áhuga nemenda, sér í lagi áhuga nemenda í 7. bekk.

Ánægja af náttúrufræði

Ánægja af náttúrufræði mælist marktækt undir meðaltali líkt og undanfarin ár. 8. og 9. bekkur mælist marktækt undir meðaltali jafnaldra í samanburðarskólunum, er á meðaltali í 6. og 10. bekk en aðeins undir í 7. bekk, þó ekki marktækt.

Viðbrögð:

Náttúrufræðikennarinn ásamt deildastjóra eldra stigs leita leiða til að auka áhuga.

Trú á eigin vinnubrögðum í námi

Trú á eigin vinnubrögðum í námi er marktækt undir landsmeðaltali hjá nemendum okkar. Ekki er munur á milli kynja í ár. Nemendur í 6. bekk mælast marktækt yfir meðaltali

jafnaldra í samanburðarskólunum en 7. bekkur marktækt undir. Aðrir árgangar eru undi meðaltali en þó ekki marktækt.

Trú á eigin námsgetu

Trú á eigin námsgetu mælist rétt undir meðaltali jafnaldra í samanburðarskólunum en þó ekki marktækt eins og undanfarin ár. Hvorki kyn né árgangar skera sig úr í þessum samanburði.

Viðbrögð:

Ljóst er að trú nemenda á eigin vinnubrögðum þarf að efla, sem og trú á eigin námsgetu og þarf samstillt átak kennara og gott samstarf milli skóla og heimila til að snúa þessari þróun við.

Líðan og heilsa - Niðurstöður

Sjálfsálit

Fram kemur að nemendur okkar hafa álíka gott sjálfsálit og nemendur samanburðarskólanna. Hefur sjálfsálit raunar aukist undanfarin ár og mælist nú rétt yfir meðaltali en þó ekki marktækt. Sjálfsálit stúlkna mælist marktækt yfir meðaltali jafnaldra í samanburðarskólunum. Í fyrra mældist sjálfsálit stúlkna marktækt undir meðaltali og hefur því orðið framför í þessum þætti. Allir árgangar mælast örlítið yfir nema 9. bekkur sem mælist örlítið undir.

Viðbrögð:

Ánægjulegt er að sjá að sjálfsálit stúlkna mælist nú marktækt yfir meðaltali, sérstaklega í ljósi þess að undanfarin ár hefur það mælst marktækt undir. Kennarar vinna áfram í að skapa jákvæða sjálfsmynd nemenda og huga að sjálfstyrkingu þeirra.

Stjórn á eigin lífi

Nemendur mælast í heildina á meðaltali jafnaldra í samanburðarskólunum. Þessi þáttur hefur undanfarin ár mælst marktækt undir meðaltali og þar hafa svör stúlkna haft mest áhrif.

Viðbrögð:

Ánægjulegt er að sjá að jákvæð þróun mælist í þessum þætti í ár frá því í fyrra. Áfram verður unnið með sjálfstyrkingu nemenda og leitað leiða til að efla ábyrgðartilfinningu þeirra.

Vellíðan

Vellíðan er mæld með því að spyrja hversu oft nemendur upplifðu eftirfarandi tilfinningar í gær:

- Gleði
- Ró
- Áhyggjur
- Dapur/Döpur
- Hamingja
- Niðurdregin(n)
- Reiði
- Stress
- Þreyta
- Brosti eða hló

Í niðurstöðunum kemur fram að vellíðan nemenda er á landsmeðaltali. Hvorki kyn né árgangar skera sig úr í þessum þætti. Þróunin hefur verið jákvæð undanfarin tvö ár.

Einelti

Þegar spurt er um einelti mælist það marktækt yfir meðaltali eða 5,4 en landið 5,2. Því hærri sem kvarðinn er því sterkari er þátturinn. Einelti mælist marktækt meira meðal drengja en á meðaltali meðal stúlkna. Nemendur í 6. og 8. bekk upplifa marktækt meira einelti en jafnaldrar þeirra í samanburðarskólunum. Mestur munur milli eineltist í Heiðarskóla og samanburðarskólunum er í upphafi skólaársins en munurinn minnkar á seinni hluta þess.

Tíðni eineltis

Mælist undir landsmeðaltali en þó ekki marktækt. Tíðni eineltis í niðurstöðum í upphafi skólaárs mældist 20,5% en í lok skólaársins 2,9% og lækkaði því töluvert innan skólaársins.

Viðbrögð:

Þrjár formlegar tilkynningar um einelti meðal nemenda voru lagðar fyrir eineltisteymi, sem skipað er deildarstjórum, námsráðgjafa og kennara, á þessu skólári. Árangur náðist í öllum málum en engu þeirra var formlega lokað.

Nemendur skólans munu áfram sinna Leikjavinaverkefninu, umsjónarkennarar munu reglulega halda bekkjarfundi á öllum aldurstigum og eiga einstaklingssamtöl við nemendur

á unglingastigi, samstarf námsráðgjafa og umsjónarkennara verður áfram öflugt og eftir sem áður verður unnið í anda Uppbyggingarstefnunnar.

Hreyfing

Mælist rétt yfir landsmeðaltali. Tíðni hreyfingar mælist marktækt yfir meðaltali meðal stúlkna og er það sama að segja um 8. bekk.

Viðbrögð:

Mikilvægt er að halda áfram að styðja við hreyfingu nemenda og skapa þeim jákvæðar fyrirmyndir. Skólahreysti er stór þáttur í því ásamt íþrótt- og útivistardögum sem eru fastir liðir í skólastarfinu. Ánægja ríkir meðal nemenda með að fá íþróttaiðkun sína metna inn í val.

Mataræði

Mataræði er mælt með því að spyrja hversu oft nemendur neyttu eftirfarandi á síðustu 7 dögum:

- Ávextir (t.d. epli, appelsínur, bananar)
- Skyndibitar (t.d. hamborgarar, pítsa, franskar kartöflur)
- Grænmeti (t.d. gulrætur, salat, gúrka, paprika)
- Gosdrykkir (t.d. kók, pepsí)
- Vítamín eða fjölvítamín

Skólinn mælist á landsmeðaltali.

Skóla- og bekkjarandi - Niðurstöður

Samsömun við nemendahópinn

Í könnuninni er kvarði sem mælir samsömun nemenda við nemendahópinn og er honum ætlað að draga saman viðhorf nemenda til skólans og meta að hve miklu leyti nemendum þykja þeir tilheyra nemendahópnum og að skólinn sé staður þar sem þeim líður vel. Í heild mælast nemendur okkar á meðaltali og hvorki kyn né árgangar skera sig þar úr.

Viðbrögð:

Umsjónarkennarar vinna markvisst í því að skapa samheldni innan bekkja og árganga og efla samvinnu nemenda. Umsjónarkennarar á unglingastigi taka nemendur í einstaklingssamtöl til að kanna líðan þeirra og haldnir eru bekkjarfundir.

Samband nemenda við kennara

Í heild mælast nemendur okkar á meðaltali og hvorki kyn né árgangar skera sig þar úr.

Viðbrögð:

Ánægjulegt er að sjá að í heild upplifa nemendur skólans sig eiga gott samband við kennarana sína.

Agi í tímum

Þegar spurt er um aga í tímum mælist hann marktækt undir meðaltali samanburðarskólanna eins og undanfarin tvö ár en þó mælist hann meiri en í fyrra. Agi mælist undir meðaltali meðal drengja og stúlkna en marktækt undir meðal drengja. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk mælast á eða yfir meðaltali. Agi í tímum að mati nemenda í 6. og 7. bekk mælist undir meðaltali. Munurinn er marktækt undir í 7. bekk og er hann jafnframt verulegur eins og í fyrra.

Viðbrögð:

Niðurstöðurnar eru ekki ásættanlegar í 7. bekk líkt og í sama árgangi í fyrra. Á síðasta skólaári samstilltu kennarar m.a. aðferðir sínar við agastjórnun og varð áframhald á þeirri vinnu í ár. Hittust kennarar reglulega á fundum og fóru yfir stöðuna. Í heild og hjá þessum tiltekna árgangi má sjá að árangur hefur náðst af þeim viðbrögðum. Áfram verður unnið að því að bæta aga í skólanum, sér í lagi í verðandi 8. bekk.

Virk þátttaka nemenda í tímum

Nemendur skólans mælast á meðaltali. Enginn munur er á niðurstöðum kynjanna. Nemendur í 6. og 8. - 10. bekk mælast á eða rétt yfir meðaltali en nemendur í 7. bekk mælast marktækt undir.

Mikilvægi heimavinnu í náminu

Nemendur skólans telja mikilvægi heimavinnu marktækt minni en jafnaldrar þeirra í samanburðarskólunum. Mældist þessi þáttur einnig martækt undir meðaltali undanfarin tvö skólaár. Bæði drengir og stúlkur mælast marktækt undir meðaltali. Nemendur okkar mælast nokkuð undir meðaltali í öllum árgöngum en í 6., 7. og 9. bekk mælast þeir marktækt undir því.

Viðbrögð:

Í upphafi skólaárs áttu stjórnendur og kennarar samtal um eðli, magn og gæði heimavinnu sem sett er fyrir. Samt sem áður mælist mikilvægi heimavinnu marktækt undir meðaltali. Tvær spurningar sem liggja að baki matsþætti mælast marktækt undir meðaltali. Þær eru eftirfarandi:

1. Kennararnir fara yfir heimavinnuna mína.
2. Heimavinnan mín er hluti af lokaekunn.


Má leiða líkum að því að seinni spurningin skekki örlítið myndina þar sem nemendur okkar túlki sem svo að heimavinnueinkunn sé ekki reiknuð inn í lokaekunnina, sem eins konar vinnueinkunn. Slíkt er ekki gert í Heiðarskóla.

5.1.5 Viðhorf nemenda á unglingastigi til notkunar spjaldtölva í námi

Þær Þóra Guðrún Einarsdóttir og Íris Ástþórsdóttir, stærðfræðikennarar á unglingastigi, lögðu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk könnun um viðhorf þeirra til notkunar spjaldtölva í námi. Nemendur í 10. bekk hafa notað spjaldtölvur í þrjú ár og nemendur í 9. bekk í tvö. Var þetta rannsóknarverkefni í framhaldsnámi þeirra við Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að lesa úr svörum nemenda helstu kosti og galla hins rafræna umhverfis og hvaða áhrif notkun spjaldtölva í námi hefur á námsáhuga, sjálfstæði og skipulag nemenda. 71 af 73 nemendum svöruðu könnuninni. Helstu niðurstöður má sjá á meðfylgjandi myndritum.


Hversu vel eða illa hefur þér líkað við að nota spjaldtölvu í námi?

71 responses




Hversu jákvætt/neikvætt er viðhorf þitt til náms?

71 responses




Á skalanum 1-5 (þar sem 1 merkir mjög öruggur og 5 mjög óöruggur) hversu örugg/ur eða óörugg/ur telur þú þig vera á spjaldtölvu?

71 responses




Hversu sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ég er áhugasamari um námið mitt með spjaldtölvu en án hennar.

71 responses




Hversu auðveldara/erfiðara er fyrir þig að skilja námsefnið með spjaldtölvu.

71 responses




Hversu jákvætt/neikvætt er viðhorf þitt til notkunar spjaldtölvu í námi?

71 responses




Hversu auðveldara/erfiðara áttu með einbeitingu við námið með spjaldtölvu.

71 responses




Hversu sjálfstæðari/ósjálfstæðari ertu í náminu með spjaldtölvu.

71 responses




Hversu skipulagðari/óskipulagðari ertu í náminu með spjaldtölvu.

71 responses



Hversu sammála/ósammála ertu um að nemendur á unglingastigi nýti sér spjaldtölvur í námi.

70 responses




Af þessum niðurstöðum að dæma er viðhorf nemenda okkar í 9. og 10. bekk til notkunar spjaldtölva í námi almennt jákvætt og sjá þeir sér hag í að nýta þær, sérstaklega með tilliti til skipulags og sjálfstæðra vinnubragða. Rúmum helmingi finnst þeir vera bæði áhugasamari um námið og að þeir skilji námsefnið betur með spjaldtölvum. Tæpum helmingi finnst auðveldara að einbeita sér þegar þær eru notaðar. Áfram verður unnið að því að nýta möguleika tækninnar enn betur í námi og kennslu

5.2. Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir þriðja hvert ár og var hún framkvæmd á þessu skólaári. Var hún lögð fyrir í mars og mældi 15 almenna þætti. Að auki voru starfsmenn sem stunduðu kennslu beðnir að gefa upplýsingar um 27 þætti til viðbótar. Viðmiðunarhópur rannsóknarinnar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra 41 grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðunandi svarhlutfalli. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Svarhlutfall starfsmanna Heiðarskóla var 85.5% og endurspeglar niðurstöðurnar því almennt viðhorf starfsfólks í skólanum.

Svörun kennara eftir stigum var eftirfarandi:



Allir starfsmenn - Almenn

Í þessum þætti er spurt hvort starfsmaður hafi farið í starfsmannaviðtal, hversu gagnlegt þeim hefði fundist það vera auk spurninga um tíðni áreitni og eineltis meðal starfsfólks. Á þeim tíma sem könnunin fór fram höfðu tæp 90% starfsmanna farið í starfsmannaviðtal og niðurstöðurnar gefa til kynna að þeim hafi þótt það gagnlegt. Mælist sá þáttur marktækt yfir meðaltali og trónir skólinn raunar þar á toppnum. Tíðni áreitni og eineltis er undir meðaltali en tíðni þessara þátta hefur þó aukist frá árinu 2015. Ekkert eineltismál meðal starfsmanna hefur þó verið tilkynnt á þessu tímabili.

Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans

Í þessum þætti er spurt um starfsánægju, starfsanda, stjórnun skólans, upplýsingastreymi innan skólans og starfsumhverfi. Allir þættir mælast marktækt yfir meðaltali. Hefur ánægja með þá alla aukist í samanburði við aðra skóla frá 2013 að undanskyldum þeim sem snýr að starfsumhverfi en ánægja með það fer örlítið niður á við í takt við viðhorf viðmiðunarhópsins. Samkvæmt þessum niðurstöðum er mikil starfsánægja í skólanum og starfsandinn er afar góður. Raðast hann meðal efstu skóla í þessum þáttum. Starfsmenn eru hvergi annars staðar eins ánægðir með stjórnun skólans.

Kennarar - Kennarastarfið

Kennarar í Heiðarskóla eru almennt ánægðari með kennarastarfið en meðaltal viðmiðunarhópsins segir til um. Ánægjan hefur aukist lítillega frá 2015 en ánægja viðmiðunarhópsins er dvínandi. Trú kennara á eigin getu er á meðaltali. Hún hefur dvínað örlítið frá 2015 í takt við landsmeðaltalið.

Þegar spurt er hvar kennarar undirbúa kennsluna kemur í ljós að tæp 57% undirbúa sig aðallega í skólanum, 33,3% nokkuð jafnt heima og í skólanum og tæp 7% aðallega heima eða utan skólans. Aðeins einn starfsmaður svarar því til að hann undirbúi sig eingöngu í skólanum.

Svör kennara við öðrum þáttum sem snúa að kennslunni eru eftirfarandi:

- Kennum í flestum tilfellum öllum bekknum í einu.
- Erum í meðaltali hvað varðar upplýsingamiðlun til foreldra.
- Erum í meðaltali þegar kemur að hópavinnu.
- Erum undir meðaltali þegar kemur að einstaklingsvinnu í bekk en þó ekki marktækt undir.
- Einstaklingsmiðuð kennsla er á meðaltali og hefur aukist töluvert frá árinu 2015 eða um rétt rúm 20%, úr 30% í tæp 52%.
- Heimavinna nemenda á viku er 44 mín að meðaltali sem er tæpum tveimur mín. meiri tími en landsmeðaltal.
- Áhersla kennara á námsmat með prófum hefur minnkað töluvert frá síðustu mælingu eða um tæp 15%, úr 35% í tæp 20%. Mælist hún nú í meðaltali en var töluvert yfir því árið 2015.
- Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum mælist 7% yfir meðaltali eða 82% og hefur aukist lítillega frá 2015.

Kennarar – Starfsumhverfi kennara

Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika og stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika mælist marktækt undir meðaltali. Undirbúningur að breyttu skipulagi og starfsháttum hvað slíkan stuðning varðar hófst á þessu skólaári og verða gerðar breytingar á næsta skólaári sem bundið er vonir við að verði til batnaðar.

Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara, samráð og samvinna um kennslu, valddreifing ákvarðanatöku, virk samvinna um skólaþróun og umbætur og vinnuaðstæður kennara eru allt þættir sem eru í meðaltali. Mælist aukning í þeim öllum að undanskildum tveimur síðastnefndu.

Kennarar – Mat og endurgjöf

Samkvæmt svörum kennara hefur umfang mats og endurgjafar aukist um tæp 12% eða úr 63,2% í 75%.

Má leiða líkum að því að innleiðing aðalnámskrár undanfarin ár, sér í lagi námsmatshluta hennar, hafi hér áhrif. Er það krefjandi og tímafrekt verkefni ef vel á að vera. Þessi vinna er nýhafin og tekur nokkur ár að koma í réttan farveg.

Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara hefur aukist töluvert frá 2015 eða um tæp 30%, úr 35% í 62%. Er það nú rétt yfir landsmeðaltali.

Sanngirni og gagnsemi mats og endurgjafar mælist í meðaltali sem og nýting á niðurstöðum kennaramats.

Kennarar – Símenntun kennara

Þegar kom að svörum sem sneru að símenntun kennara kom eftirfarandi m.a. fram:

- Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár voru 27 dagar og hefur þeim fjölgað töluvert í samanburði við niðurstöðurnar árið 2015 eða um 14 daga.
- Símenntunarþörf kennara er í landsmeðaltali en hefur aukist lítillega frá 2015.
- Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanfarna 18 mánuði var 59%.
- 85% kennara töldu svigrúmið til aukinnar símenntunar vera of lítið vegna vinnutíma.

5.3. Foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólafélagsins var lögð fyrir í febrúar og mælir hún 48 þætti í fimm flokkum. Flokkarnir eru: **nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur.** Könnunin er lögð fyrir þriðja hvert ár og var það síðast gert árið 2015. Viðmiðunarhópur rannsóknarinnar samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim skólum sem tóku þátt í könnuninni, óháð gerð og staðsetningu. Lágmarkssvarhlutfall er 80% og svöruðu 79,5% þátttakenda könnuninni, eða 97 foreldrar af 122 manna úrtaki. Ef svarhlutfallið er lægra en 70% þarf að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í skólanum. Óhætt er því að líta svo á að niðurstöðurnar okkar endurspegli almennt viðhorf foreldra í Heiðarskóla.

Nám og kennsla

Viðhorf foreldra til eftirfarandi þátta eru í meðaltali:

- Ánægja með nám og kennslu í skólanum.
- Ánægja með stjórnun skólans.
- Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum.
- Hæfilegur agi í skólanum.

Foreldrar upplifa enn fremur að nám í Heiðarskóla sé í takt við grunnstoðir aðalnámskrár og mælist sá þáttur marktækt yfir meðaltali. Að agi sé hæfilegur í skólanum mælist undir meðaltali en þó ekki marktækt. Foreldrar í 1. – 4. bekk upplifa marktækt minni aga í skólanum en viðmiðunarhópurinn en viðhorf foreldra á mið- og elsta stigi er í meðaltali.

Velferð nemenda

Viðhorf foreldra til eftirfarandi þátta eru í meðaltali:

- Ánægja með samskipti starfsfólks við nemendur.
- Ánægja með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda.
 - Skólinn mælist meðal efstu skóla í þessum þætti og eykst ánægjan frá árinu 2015.
- Líðan nemenda í skólanum.
- Líðan nemenda í kennslustundum.
- Líðan nemenda í frímínútum.
- Umfang eineltis.
 - Mælist nú 5,1% en var 13,8% árið 2015. Hefur dvínað í takt við meðaltalið.

Enn fremur mælist ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans yfir meðaltali en þó ekki marktækt. Eykst hún lítillega frá 2015. Ánægja þeirra foreldra sem segja barn sitt hafa orðið

fyrir einelti með úrvinnslu skólans á eineltismálum hefur stórauðist frá 2015 eða um 55%. Fer úr rúnum 30% í tæp 90%. Mælist skólinn raunar efastur í þessum þætti. Enn fremur mælist meðaltímabil eineltis marktækt undir meðaltali og er það vel. Stjórnendur og eineltisteymi skólans skerptu á vinnubrögðum í eineltismálum í upphafi skólaársins og má leiða líkum að því að þessar niðurstöður sýni að árangur hafi hlotist af því.

Aðstaða og þjónusta

Viðhorf foreldra til eftirfarandi þátta eru í meðaltali:

- Ánægja með tómstundaþjónustu/frístundaheimili.
 - Marktækt færri foreldrar nýta þjónustu frístundaskólans fyrir börn sín en foreldrar í viðmiðunarhópnum eða um 22%. 44% foreldra á landinu nýta slíka þjónustu.
- Ánægja með máltíðir í mötuneytinu.
 - 87% nemenda nota mötuneyti Skólamatar og eru það 1,2% hærra en hlutfall viðmiðunarhópsins.

Enn fremur mælist ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum marktækt yfir meðaltali.

Foreldrasamstarf

Viðhorf foreldra til eftirfarandi þátta eru í meðaltali:

- Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi.
- Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur.
- Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina.
- Ánægja með síðasta foreldraviðtal.
- Ánægja með heimasíðu skólans.

Enn fremur mælist þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum marktækt yfir meðaltali og er munurinn verulegur eða 10% meiri en þátttaka foreldra í viðmiðunarhópnum. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra mælist einnig marktækt yfir meðaltali svo og hve upplýstir foreldrar upplifa sig um stefnu skólans og námskrá. Mælist skólinn meðal þeirra efstu í þessum þáttum.

Heimastuðningur

Viðhorf foreldra til eftirfarandi þátta eru í meðaltali:

- Virkni foreldra í námi barna sinna.
- Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið.
- Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu.

- Hæfileg heimavinna að mati foreldra.
- Tími sem foreldrar aðstoða við heimanámið.
 - Foreldrar skólans verja 4,8% meiri tíma í aðstoð við heimanám en foreldrar viðmiðunarhópsins.
- Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns.
 - Væntingar foreldra skólans mælast 2,3% meiri en væntingar viðmunarhópsins.

Viðbrögð:

Farið var yfir helstu niðurstöður í nemenda-, starfsmanna- foreldrakönnun á starfsdögum í júní. Verða þær aftur yfirfarnar á starfsdögum í ágúst og þá sérstaklega með tilliti til þeirra þátta sem þarf að bæta og skrifaðir verða inn í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

5.4. Framkvæmdarmat á nokkur verkefni á skólaárinu 2016-2017

Í upphafi skólaárs var lögð fram áhersluáætlun og gekk hún vel eftir eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Efnisþættir	Aðgerðir/Viðbrögð	Umsjón	Mat á árangri - viðmið	Mat á framkvæmd
Lestur og lestrará hugi.	Markviss áhersla á lestur og lesskilning í öllum árgöngum. Unnið eftir lestraáætlun. Allir nemendur eru raddlestrarprófaðir í upphafi skólaárs. Stjórnendur funda með kennurum í upphafi skólaárs þar sem kennari fer yfir áætlun sína til þess að efla lestrarfærni nemenda. Skólastjórnendur, sérkennari og íslensku/umsjónarkennarar fara yfir niðurstöður prófa í september og huga að aðgerðum þar sem þess er þörf. Stöðufundir verða í lok haustannar og aftur á vorönn. Nóvembermánuður og febrúar verða sérstaklega helgaðir lestri og ýmislegt skammtilegt verður þá gert til að efla áhuga nemenda og ánægju af bókalestri.	Skólastjórnendur, Guðbjörg Fríða Pálmarsdóttir sérkennari og lestrarteymi.	Niðurstöður úr Skólapúlssinum, nemendakönnunum og lestrarprófum. Viðmið: Nemendur skólans séu á landsmeðaltali eða ofar á öllum samræmdum könnunarprófum. Að nemendur séu yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri.	Reyndist vel að lestrarprófa alla nemendur í upphafi skólaárs. Lesfímipróf Menntamálastofnunar tekin upp í janúar. Ánægjan á lestri hafði dalað á síðasta skólaári en mælist nú í meðaltali. Áætlun um að nóvember og febrúar yrðu sérstaklega helgaðir lestri gekk eftir fyrir nóvember en ekki febrúar. Viðmið um að nemendur skólans séu á landsmeðaltali eða ofar í samræmdum prófum gekk aðeins eftir í 4. bekk.
Tækni í námi og kennslu.	Kennarar halda áfram að þróa kennsluhætti með spjaldtölvum. Nemendur þjálfast í að nýta sér spjaldtölvur í námi.	Þóra Guðrún Einarsdóttir og spjaldtölvuteymi.	Könnun um viðhorf nemenda til náms með spjaldtölvum lögð fyrir nemendur. Viðmið: Að nemendur sjái hag í því að nýta	Gengur vel að nýta spjaldtölvur í námi og kennslu. Niðurstöður viðhorfskönnunar benda til þess að

			tæknina í námi, t.d. með aukinni fjölbreytni í námi. Að kennarar sjái tækifæri til breytinga á kennsluháttum og nýti þau.	nemendur séu ánægðir með notkun spjaldtölva í námi. Kennarar nýta sér í auknum mæli þá möguleika sem felast í tækninni til þess að bæta eða breyta kennsluháttum.
Uppbyggingarstefnan.	Unnið að því að efla færni og þekkingu starfsfólks á inntaki stefnunnar, gera vinnu tengda stefnunni með nemendum markvissari og gera stefnuna sýnilegri í starfi skólans. Sérstaklega hugað að kynningu á stefnunni fyrir nýjum starfsmönnum. Stefnan kynnt skólasamfélaginu.	Eygló Pétursdóttir og uppbyggingarteymi.	Viðmið: Að starfsfólk hafi góða þekkingu á stefnunni, að hún verði sýnilegri og að skólasamfélagið þekki vel inntak hennar og hvernig unnið er eftir henni í skólanum.	Kynning á stefnunni fyrir nýjum starfsmönnum gekk vel. Að öðrum þáttum var ekki unnið nógu markvisst.
Samskipti, líðan og jákvæð sjálfsmynd.	Hugmynda og bjarga leitað fyrir kennara til að vinna með nemendum. Kennarar vinna með nemendum við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd þeirra. Nemendur fá uppbyggilega fyrirlestra um jákvæða sjálfsmynd.	Umsjónarkennarar, María Guðmunda Pálsdóttir námsráðgjafi og teymi sem hélt utan um þennan umbótaþátt.	Niðurstöður Skólapúl síns, nemendakönnun.	Teymi kynnti fyrir kennurum verkefni sem unnið var með á baráttudegi gegn einelti. Við höfum haft árangur sem erfiði samkvæmt niðurstöðum Skólapúl síns en í honum mælast nemendur okkar í meðaltali í þáttum sem snúa að sjálfsmynd. Skólann heimsótti gott fólk, t.d. Þorgrímur Þráinsson, Einar Trausti Einarsson og Guðný Reynisdóttir. Þau töluðu við nemendur á mið- og elsta stigi um sjálfsmat og sjálfsstyrkingu. Áfram unnið að því að efla jákvæða sjálfsmynd nemenda.
Samstarf og samskipti innan skólasamfélagsins.	Lögð áhersla á að efla enn frekar gott foreldrasamstarf og samræðu um nám barnanna. Í framhaldi af skólasetningu fara umsjónarkennarar með nemendum og foreldrum í stofu og þar fer fram kynning á helstu áherslum í námi, farið yfir kennsluhætti og verklagsreglur. Unnið verður að því að auka samskipti kennara við heimilin. Gerð verður áætlun um hvernig samskiptum skólans við heimilin er háttað og stofnuð upplýsingasíða skólans á Facebook.	Skólastjórnendur	Viðmið: Að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann og séu upplýstir um það sem þar fer fram. Að þeir séu vel upplýstir um stefnu skólans. Að foreldrar upplifi vilja starfsmanna skólans til samstarfs við þá.	Kynningar á skólasetningu gengu vel. Gekk vel að auka samskiptin við heimilin með aukinni upplýsingagjöf kennara um skólastarfið. Niðurstöður Skólapúl síns, foreldrakönnunar gefa til kynna að foreldrar séu almennt ánægðir með samskipti og upplýsingagjöf. Facebooksíða skólans var stofnuð og nýttist hún vel.

Samstarf kennara og jafningja-fræðsla.	Unnið verður að því að auka samstarf meðal kennara skólans og nýta þá þekkingu sem er til staðar í kennarahópnum. Áherslur og viðbrögð í agamálum verða samstilltar og farið yfir skipulag og stíganda í kennsluháttum. Stefnt er að því að kennarar á aldursstigunum þremur hittist mánaðarlega þar sem ákveðin mál verða til umfjöllunar. Einnig mun fara fram kennslustundarýni þar sem kennarar sitja kennslustundir hver hjá öðrum og eiga að þeim loknum samtal um fyrirfram ákveðna þætti sem til skoðunnar verða.	Stjórnendur og kennarar aldursstiga.	Niðurstöður Skólapúlssins, nemendakönnun.	Samstarf kennara á aldursstigunum þremur gekk sérstaklega vel á yngsta stigi en þar hittust kennarar reglulega og efldu samstarf sitt í ýmsum verkefnum með nemendum á skólaárinu. Reglulega var fundað um áherslur og viðbrögð í agamálum í ákveðnum árgangi og bar það nokkurn árangur. Í starfsmannaviðtölum kom glögg í ljós að reynsla kennara af kennslustundarýni var góð. Þættir sem mæla samvinnu kennara mældust í meðaltali í starfsmannakönnun Skólapúlssins og mælist aukning í þeim þáttum frá árinu 2015.
Innleiðing nýrrar menntastefnu – námsáætlanir	Áfram verður unnið að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Bekkjarnámskrár bættar, nám- og kennsla verður í auknum mæli í samræmi við aðalnámskrána.	Skólastjórnendur og kennarar.	Kennarar vinna bekkjarnámskrár og skila til stjórnenda.	Gekk vel. Haldið verður áfram með þessa vinnu á næsta skólaári.
Námsmat	Áfram verður unnið að því að breyta námsmati í samræmi við nýja aðalnámskrá. Áhersla lögð á að kennarar dýpi þekkingu sína á fjölbreyttu og vönduðu námsmati og að kennarar á unglingastigi innleiði breytingar sem gerðar hafa verið tilraunir með undanfarin misseri. Allir kennarar á unglingastigi vinna í K3 kerfi Mentors og fá til þess leiðsögn frá fulltrúum Mentor, aðstoðarskólastjóra og kennurum sem þekkja kerfið vel. Breytt námsmat kynnt fyrir nemendum og foreldrum.	Skólastjórnendur. Bryndís Jóna aðstoðarskólastjóri verkefnisstjóri.	Farið yfir vinnu á deildarfundum elsta stigs og á námsmatsfundum aðstoðarskólastjóra með kennurum. Þrír fulltrúar skólans sitja námskeiðið <i>Mentorsérfræðingar</i> sem fulltrúar frá Mentor halda og miðla þekkingu áfram til kennarahópsins. Nýtt fyrirkomulag kynnt fyrir nemendum og foreldrum.	Námsmatsvinna og innleiðing gekk að mestu vel. Á fundum aðstoðarskólastjóra með kennurum mátti greina aukið sjálfstraust kennara gagnvart nýju námsmati. Í samtölum kennara við foreldra á samskiptadögum mátti skynja vaxandi ánægju með fyrirkomulagið. Vinnan heldur áfram á næsta skólaári. Stefnt að því að allur kennarahópurinn vinni námsmat sitt í samræmi við nýtt fyrirkomulag.